

Nr. 091 / 15 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1972 IMO nr. 8709810
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
Stærð: 290,3 brl. 1028 bt.
Mesta lengd: 47,9 m Skráð lengd: 39,3 m
Breidd: 11 m Dýpt: 7,45 m
Vél: Deutz 1850 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 25



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. apríl 2015 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 við bryggju í Grindavík.

Tveir skipverjar voru að vinna við viðgerð á roðflettivél á vinnsluþilfari en þegar þeir voru að setja roðvalsinn í hana stóð hann á sér. Annar þeirra reyndi að snúa valsinum en við það rak hann fingur í roðhnífinn og skar sig. Farið var með slasaða til lækni.

Við rannsókn kom fram:

- að búið var að skipta um hnífinn og roðvalsinn í roðvélinni. Slasaði var að snúa valsinum til að stilla millibilið á hnífnum með litlum þykktamæli (föler) þegar hann rak fingurinn í hnífinn;
- að ekki var hægt að nota hlífðarhanska við þessa vinnu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.